

Republik ehf  
Seljavegi 2  
101 Reykjavík

Reykjavík 13. apríl 2018  
UST201804-084/I.M.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til utanvega aksturs í Dyrhólafjöru**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Republik, dagsett 7. apríl 2018, um leyfi til utanvega aksturs vegna kvikmynda- og ljósmyndatöku í Dyrhólafjöru dagana 17. og 18. apríl 2018.

Fjaran vestan Dyrhólaeyjar er ekki friðlýst og hún er ekki á náttúruinjasrá.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir akstri utan vega vegna kvikmynda- og ljósmyndatöku í Dyrhólafjöru dagana 17. og 18. apríl 2018. Aka þarf einu sexhjóli um 2 km í Dyrhólafjöru og fer hjólið í fjöruna um slóða frá bænum Dyrhólum. Verður það notað til að ferja tækjabúnað í fjöruna og við kvikmynda- og ljósmyndatökurnar. Verður myndavélin fest á sexhjólið til að mynda leikara á spretthlaupi í fjörunni og þarf myndavélin að ná sama hraða og leikararnir. Hjólið mun ekki að sjást í mynd. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu er 35 manns. Dróni verður notaður við tókurnar og verður honum flogið undir 120 m hæð yfir fjöruna og út á sjó.

#### **Áhrifamat:**

Fram kemur í umsókn að stefnt sé að því að aka um slóða frá bænum Dyrhólum niður að fjörunni vestan við Dyrhólaey og svo um 2 km í austurátt og til baka. Fyrirhugaður akstur er áætlaður í grennd við tvær vistgerðir (skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands), þ.e. um strandmelhólavist og brimasamar sandfjörur. Verndargildi vistgerðanna er metið lágt, en strandmelhólavist er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að aksturinn hafi neikvæði áhrif á svæðið ef tekið er tillit til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir akstrinum.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri sexhjóls í Dyrhólafjöru dagana 17. og 18. apríl 2018 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leiti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, umfram þann er leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum og raski ekki gróðurhólmum í fjörunni.
- Akstur skal fara fram sem næst flæðamáli til verndar þeim vistgerðum sem eru á svæðinu og til að ummerki eftir aksturinn afmáist sem fyrst.
- Umhverfisstofnun skal sendur gps ferill akstursins að verkefni loknu, sbr. 5. mgr 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Óheimilt er að fljúga drónanum eða aka sexhjólinu nær Dyrhólaey en 200 metra. Dyrhólaey er friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 101/1978. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf í friðlandinu.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir utanvega akstri hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að sýna ökutæki utan vega í mynd.
- Ekki verði truflun á dýralífi.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Umhverfisstofnun bendir á að einnig þarf leyfi frá landeiganda vegna verkefnisins.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir akstur utanvega vegna kvikmynda- og ljósmyndatöku er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri



JÓN SMÁRI JÓNSSON  
Sérfræðingur